

## Áhrif OSF á tölvuvinnslu í náinni framtíð

Helsti ávinningur tölvunotenda með tilkomu OSF er auðvitað að um er að ræða opið kerfi. Kerfi sem ekki getur læst notendur í þeirri stöðu að verða að kaupa allan búnað frá einum tölvusala. Þetta mun spara tölvukaupendum verulegar upphæðir. Fjárfesting í hugbúnaði verður varðveitt, jafnvel þó skipt verði um tölvusala. Tölvukerfin verða sveigjanlegri og í dreifðri vinnslu verður hægt að hafa mismunandi stærðir af tölvum á mismunandi stöðum, sem þó geta allar keyrt sama hugbúnaðinn.

Tölvuframléiðendur sjálfir munu spara, því með starfi OSF verða leyst mörg af þeim málum tengdum stýrikerfi, grafík ofl. sem tölvuframléiðendurnir eru nú að glíma við, hver í sínu horni. Þennan sparnað munu tölvufyrirtækin að hluta til nota í nýsköpun á notenda-hugbúnaði. Nýjungar á því sviði munu komast hraðar á markað og kosta minna því sparnaði verður líka veitt áfram til viðskiptavina fyrir-tækjanna.

Sjálfstæðir framléiðendur hugbúnaðar munu fá verulega stóran markað, á mismunandi vélbúnaði. Samhæfing tölvuumhverfisins mun

spara þessum framléiðendum dýran flutning á milli kerfa. Þetta mun tryggja notendum OSF kerfa mikið hugbúnaðarframboð, á lægra verði en sams konar hugbúnaður fékkst á áður.

Þekking á OSF kerfinu verður miklu almennari en á lokaðu kerfunum, kennsla mun væntanlega verða í almennum skólum, t.d. í Háskóla Íslands. Því verður auðveldara að fá hæfan mannskap til starfa við tölvukerfin.

Notendur sem nú eru með lokað kerfi þurfa einhvertíma að taka þá stóru ákvörðun að rífa sig út úr því og fara yfir í opið kerfi. Þúast má við því að sú ákvörðun verði fljót að borga sig.

OSF kerfið mun ganga á flestar stærðir af tölvum, þær minnstu verða væntanlega byggðar á '386 örgjörvum frá Intel. Þær stærstu verða með megintölvu (mainframe) afköst. Á þessu afkastabili er öll fjölnotenda tölvuvinnsla á Íslandi og má því ímynda sér að við Íslendingar gætum orðið þjóða fyrstir til að hafa aðeins eitt fjöl-notendastýrikerfi í gangi. Þetta mundi spara okkur miklar fjárhæðir, og bæta alla upplýsingameðferð innanlands. ■

*Einn kosturinn við OSF er að í dreifðri vinnslu verður hægt að hafa mismunandi stærðir af tölvum sem geta allar keyrt sama hugbúnaðinn.*

**H**alldór Kristjánsson verkfræðingur skrifar grein í apríl-hefti Tölvumála um áhald sem hann kallar ýmist **modem** eða **módem** og beygir á íslenska vísu (sbr. „almennir eiginleikar modema“). Það er svo sem engin nýlunda að

menn taki erlend orð fram yfir íslensk nýyrði sem auðvitað eru misjafnlega vel heppnuð. Hvorki ég né aðrir nefndarmenn í Orðanefnd Skýrslutæknifélagsins taka það illa upp þótt menn séu ekki sátúr við öll þau orð sem við höfum verið að berja saman af ótakmörkuðum áhuga en takmarkaðri getu. Eitt af þessum nýyrðum er einmitt orðið **mótald** sem er þýðing okkar á orðinu **modem**. Satt að segja vorum við tiltölulega ánægð með þessa þýðingu, og hún hefur þegar náð

## Um modem og mótald

Þorsteinn Sæmundsson  
stjarnfræðingur

nokkurri útbreiðslu. En nú þykir okkur hafa slegið í bakseglin, þegar sjálfur formaður Skýrslutæknifélagsins lýsir því yfir að hann telji þýðinguna ónothæfa. Í fyrnefndri grein segir Halldór, eftir að hafa skýrt hvernig enska orðið modem er myndað:

„Notað hefur verið íslenska orðið mótaöld í stað þess enska, en það er mín skoðun að það nafn lýsi aðeins öðrum þættinum, það er móttuninni.“

Það er þessi athugasemd Halldórs sem mig langar til að gera að umræðuefni hér, því að ég tel að hún sé á misskilningi byggð. Er þá sama á hvorn veg athugasemdin er túlkud, en hana má túlka á tvo vegu.

Í fyrsta lagi er hugsanlegt að Halldór eigi við það að orðið mótaöld lýsi ekki eiginleikum tækisins nægilega vel. Sumir virðast álíta að nýyrði þurfi að lýsa tæki eða hugtaki svo vel að sá sem heyrir orðið í fyrsta sinn, skilji nokkurn veginn hvaða hlutverki tækið eða hugtakið gegni. Þetta er óraunæ krafa sem ekki er hægt að gera til nýyrða fremur en þeirra heita sem fyrir eru í málinu. Þegar velja skal nýyrði í tæknimáli þarf oftast að koma til móts við margar óskir: Að orðið sé stutt og þjálmt, að það feli í sér nokkra skýringu á því sem um er að ræða og jafnvel að það líkist hinu erlenda orði, svo að eithvað sé nefnt. Niðurstaðan er oftast mála miðlun, og sjaldgæft er að nýyrði skýri fyllilega hvers eðlis viðkomandi tæki eða hugtak er. Hitt mun vera algengara að nýyrði séu valin þannig að unnt sé að skýra eða réttlæta orðmyndunina fyrir þeim sem þegar þekkja hlutinn sem orðið á að lýsa. Ágætt dæmi um nýyrði af þessu tagi er orðið sjmí sem fram kom um síðustu aldamót. Þótt það heiti muni dregið af eldra orði sem táknar streng eða band, skýrir það ekki eðli tækisins, jafnvel ekki fyrir þeim sem eru svo fróðir að kunna skil á hinu gamla orði.

Lítum nú á enska orðið modem. Rétt er það að vísu að orðið felur í sér brot af þeim ensku orðum sem táknna móttun og afmóttun. En þetta er engan veginn augljóst, og ensku-mælandi maður sem heyrir orðið modem í fyrsta sinn á nokkurra skýringa getur með engu móti átað sig á hvað það á að táknna. Íslenska heitið mótaöld stenst fyllilega samanburð við enska heitið að þessu leyti. Jafnvel mætti halda því fram að íslenska heitið hafi vinninginn, því að talsverðar líkur eru á því að sá sem heyrir orðið í fyrsta sinn setji það í samband við sögnina að móta.

Hinn möguleikinn er sá að aðfinnsla Halldórs sé af öðrum rótum runnin, hann telji einfaldlega að orðið mótaöld sé ekki myndað á rökréttan hátt. Örökrétt sé að láta orðið vísa einvörðungu til sagnarinnar að móta. Hið gagnstæða hlutverk, afmóttunin, verði að fylgja með, eins og gert sé í enska orðinu modem. Til að koma til móts við þessa ósk Halldórs mætti hugsa sér að kalla áhaldid mótafald (mótaf-ald). Værum við þá komin nær hinni ensku orðmyndunaraðferð. Ég ætla þó alls ekki að mæla með þeirri lausn. Að minni hyggju er orðið mótaöld fullkomlega rökrétt heiti enda þótt það segi ekki söguna alla. Ef Halldór hugleiðir málið hlýtur hann að sjá að í íslensku máli finnst ágæt heiti sem aðeins minna á annað hlutverk af tveimur sem til greina koma. Sem dæmi má nefna rofann sem bæði rýfur og tengir, lyftuna sem lætur hluti síga niður álfka oft og hún lyftir þeim upp, og heymartólið sem oft er hvort tveggja í senn, heymar- og taltól. Allt eru þetta góð orð og gild og ég kannast ekki við að þau hafi valdið misskilningi.

Ef þessi rök nægja ekki til að sannfæra Halldór vona ég að hann reyni sjálfur að finna nýja og betri þýðingu á modem sem hann og aðrir geti sætt sig við, svo að við þurfum ekki oftara að sjá þetta erlenda orð í íslenskum texta. ■

*Þegar velja skal nýyrði í tæknimáli þarf að koma til móts við margar óskir: Að orðið sé stutt og þjálmt, að það feli í sér nokkra skýringu á því sem um er að ræða og jafnvel að það líkist hinu erlenda orði.*